

Velferðarnefnd  
Alþingi við Austurvöll  
Reykjavík, 23. janúar 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um þungunarrof - þingmál 521/149

Undirrituð fagnar innilega nýju frumvarpi um þungunarrof. Sérstaklega ánægjulegt er að með frumvarpinu sé lögð af sú krafa að barnshafandi einstaklingar sæki um leyfi heilbrigðisstarfsfólks til að rjúfa meðgöngu enda gengur sú krafa í bága við sjálfsákvörðunarrétt einstaklingsins. Einnig er það gríðarlega mikilvæg réttarbót að reglur séu hafðar þær sömu fram að lokum 22.viku, en tímabilinu sé ekki skipt þannig að eftir tíma X sé frelsi til þungunarrofs háð einhverjum öðrum þáttum en vilja þessa þungaða, eins og er í núgildandi lögum. Þá er afskaplega áriðandi að þungað fólk undir átján ára aldri geti tekið þessa ákvörðun sjálft en sé ekki háð forráðafólki um leyfi.

Samþykkt þessa frumvarps yrði, að mati undirritaðrar, stærsta skref sem tekið hefur verið í jafnréttisátt á Alþingi síðan feðraorlofinu var komið á. Hins vegar er athugunarvert að í frumvarpinu er aðeins fjallað um réttindi kvenna og stúlkna til þungunarrofs. Augljóst er að vilji frumvarpsins er að réttarbæturnar sem í því felast eigi að eiga við allt fólk með leg en í ljósi þess að fólk með leg skilgreinir sig ekki allt sem konur verður þetta orðfæri að teljast óþarflega takmarkandi. Nóg er af orðum í tungumálinu sem hægt væri að nota í staðinn, sbr. manneskjur, fólk og einstaklingar, svo lengi sem tekið er sérstaklega fram að rétturinn til þungunarrofs nær ekki til þess aðila sem sæðið framleiddi. Þá mætti athuga það að nýta nýyrði eins og legberar og barnsberar.

Virðingarfyllt,

Þóra Kristín Þórsdóttir, forynja Kvinnahreyfingarinnar